

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar  
**Efni:** Minnisblað með tillögu um samræmda móttöku flóttafólks  
**Dags:** 3. mars 2023  
**Málsnúmer:** 202208758/10.14  
**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri og  
Sigurbjörg Fjölisdóttir, framkvæmdastjóri velferðarsviðs

### Efni:

Á 1570. fundi bæjarráðs þann 2. mars sl. var til umræðu tillaga um að Mosfellsbær undirriti samkomulag við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um samræmda móttöku flóttafólks og taki á móti allt að 80 flóttamönnum á árinu 2023.

Í tengslum við umræðu um málið eru hér að neðan lagðar fram nánari upplýsingar um fjárhagsleg áhrif þess að undirrita slíkt samkomulag.

### Greinargerð:

Fyrir bæjarráð var lögð tillaga framkvæmdastjóra velferðarsviðs þar sem lagt er til að Mosfellsbær undirriti samkomulag við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um samræmda móttöku flóttafólks og taki á móti allt að 80 flóttamönnum á árinu 2023.

Í tillögunni eru dregnar fram skyldur sveitarfélagsins annars vegar og ríkisins hins vegar og byggja þær á kröfulýsingu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis vegna þjónustu móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

Helstu skyldur sveitarfélagsins eru eftirfarandi:

- Aðstoð við útvegum húsnæðis
  - Sveitarfélagið tekur að sér að aðstoða flóttafólkið við að afla sér húsnæðis sem það greiðir sjálft leigu fyrir.
  - Hafi sveitarfélag reynt til þrautar að útvega húsnæði fyrir einstaklinga er heimilt að leita til ríkisins um stuðning vegna þess.
  - Viðkomandi einstaklingar eiga ekki sjálfkrafa rétt á félagslegu húsnæði við komuna til landsins, en geta sótt um eins og aðrir íbúar samkvæmt reglum sveitarfélagsins.
  - Ríkið endurgreiðir sveitarfélaginu sérstakan húsnæðisstuðning á fyrsta ári móttöku.
- Félagsþjónusta
  - Mosfellsbæ ber að veita flóttafólki sem skráð er í sveitarfélagið félagsþjónustu þ.m.t. félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum sveitarfélagsins.
  - Fyrstu tvö ár móttöku endurgreiðir ríkið kostnað sveitarfélagsins sem veittur er á grundvelli laga um félagsþjónustu, það er fjárhagsaðstoð og þær heimildagreiðslur sem um er að ræða henni tengt og því er ekki um aukinn kostnað að ræða af hálfu sveitarfélagsins.

3. Skólaþjónusta – leik- og grunnskólar
  - a. Gera skal móttökuáætlun og tryggt að komið sé til móts við námsþarfir og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
  - b. Ríkið greiðir árlega kr. 200.000 með hverju barni á leikskólaaldri og kr. 150.000 með hverju barni á grunnskólaaldri.
  - c. Ef gert er ráð fyrir að 30 börn verði skráð í leik- og grunnskóla nemur greiðsla ríkisins 4,5-6,0 m.kr. á ári.
  - d. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál sem miðast við hlutfall nemenda sem nýtur íslenskukennslu í sveitarfélaginu. Að meðaltali fær sveitarfélagið greitt árlega kr. 170.000 vegna hvers grunnskólabarns sem uppfyllir skilyrði Jöfnunarsjóðs.
4. Verkefnisstjóri
  - a. Ef miðað er við komu 80 einstaklinga þá nemur greiðsla ríkisins tæplega 17 m.kr. fyrsta árið en fjárhæðin lækkar í um 6,5 m.kr. á ári tvö og tæpar 4 m.kr. á ári þrjú. Greiðslan er hugsuð til að standa straum af launakostnaði við utanumhald verkefnisins.
  - b. Kostnaður við verkefnastjóra í fullu starfi er um 11 m.kr. á ári. Mesta utanumhaldið um verkefnið er á fyrsta ári og mun svo draga úr eftir því sem líður á verkefnið. Gera má ráð fyrir því að framlag ríkisins á fyrsta ári dugi til að greiða launakostnað að því gefnu að vel gangi að taka á móti þeim fjölda flóttamanna sem stefnt er að. Á öðru og þriðja ári lækka framlög ríkisins samhliða því að þess er vænst að það dragi úr utanumhaldi. Kostnaður sveitarfélagsins gæti þá numið allt að 4,5 m.kr. á öðru árinu og 7 m.kr. á því þriðja, miðað við að starfsmaðurinn verði áfram í fullu starfi.

*Virðingarfyllst,*

*Pétur Jens Lockton*

*Sigurbjörg Fjölnisdóttir*